

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara 27. apríl 2017

Haldinn í Gullfossi A, Foss-Hóteli í Reykjavík, 27. apríl 2017

Guðríður Arnardóttir, formaður, setti fundinn kl. 10:08 og bauð fundarfólk velkomið.

1. KOSNING STARFSMANNA FUNDARINS

Formaður lagði fram tillögu um að Sigrún Lilja yrði fundarstjóri. Samþykkt samhljóða. Formaður lagði fram tillögu um Reyni Þór Eggertsson sem fundarritara. Samþykkt samhljóða. Sigrún Lilja tekur við fundarstjórn.

2. STARFSEMI FÉLAGINS

Guðríður kynnti ársreikninga félagsins (sjá fylgiskjal 1).

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga:

Baldur Garðarsson: Af hverju stemma ekki tölurnar úr ársskýrslu við ársreikningana?

GA: Af því að skýrslan á við starfið milli fulltrúafunda en ársskýrslan gildir fyrir almanaksárið. Að auki var nokkuð af því fé sem úthlutað var 2015 bókfært 2016.

BG: Af hverju eru peningar í 0,1% potti ekki notaðir?

GA: Alveg sammála. Við stigum heldur varlega til jarðar í upphafi og erum að læra inn á hvað eigi og megi gera fyrir féð. Við erum með í námskeiði með ríkinu um stofnanasamninga, enda slíkt rætt við samningaborðið. Þetta er meira fé en við sáum fyrir okkur í upphafi.

Guðlaug Guðmundsdóttir: Finnst þetta vel til fundið, byggir brú á milli almennra félagsmanna og félagsins.

Guðmundur Björgvin: Spyr út í annan kostnað, kr. 939.000.

GA: Þetta er ferðakostnaður og námskeiðsgjöld í litlum námskeiðum sem fulltrúar í í samninganefnd hafa sótt, t.d. fimm vikna námskeið um stjórnsýslulög, tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna o.fl.

Ingvar, FNV: Er þessi sjóður kominn til að vera? Og heldur stjórn áfram að úthluta?

GA: Þetta er í kjarasamningnum frá 2014 og ekkert fast í hendi með það áfram. Stjórn er kosin beinni kosningu og ber ábyrgð. Það kostar hundruð þúsunda ef sjóðurinn er endurskoðaður sérstaklega, það er kostnaður við það að halda honum sem sjálfstæðri einingu. En auðvitað er hann endurskoðaður eins og önnur starfsemi FF.

Hólmfríður Bára Bjarnadóttir, FÁ: Hvað eru mannauðstengd verkefni? Þarf ekki skýrari ramma?

GA: Jú, það má alveg gera skýrari ramma og ekki úr vegi að aðalfundur ræði það og setji slíka umgjörð.

Gunnar Hersteinn, FG: Ég var í „ostapartýinu“ og þangað komu 20-30 manns og sérfræðingur í ostagerð og fór yfir sögulegt samhengi. Heppnaðist einstaklega vel og gerði kennarahópnum gott.

Hanna Björg: Ég er ekki hrifin af því að hafa rammann of þröngan, heldur treysta stjórn til þess að meta hverju sinni.

GA: Stjórn er ekki óskekul og er að læra af framvindunni. Eftir því sem reglurnar eru skýrari og leiðbeiningar til félagsdeilda betri, verður starfsemi og úthlutun fagmannlegri og betri.

Sólveig Ebba: Af hverju er samninganefnd á tveimur stöðum í ársreikningum?

GA: Þetta er innanhúsmál, annar bókhaldslykillinn er fyrir það sem vinnudeilusjóður er rukkaður um en hinn fyrir það sem félagið sjálft greiðir og eru almennir fundir samninganefndar.

Guðríður fór yfir það helsta í skýrslu stjórnar (sjá fylgiskjal 2).

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga:

Ingvar, FVN: Hvað kom út úr könnuninni um vinnumatíð?

GA: Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í heild sinni. Þar sást alveg skýrar línur, starfsbrautar-kennarar voru óánægðastir. Stærðfræðikennarar voru ósáttir við að fá ekki 4 klst. eins og aðrir bóknámskennarar. Þá var fólk óánægt með efra og neðra þrep. Þetta var lagt til grundvallar fyrir þær breytingar sem gerðar voru á vinnumatinu í desember 2016. Ekki hafa enn verið gerðar breytingar fyrir starfsbrautir, en það þarf jafnvel allt öðru vísi form en sýnidæmin fyrir aðra kennslu.

Ása, FB: Hvar eru sýnidæmin frá því í desember?

GA: Á netinu, <http://www2.fa.is/vinnumat/index.html>.

Fundarstjóri ber upp breytingartillögu við dagskrá - að flýta dagskrá um 15 mínútur. Samþykkt með lófaklappi.

3. SKÝRSLA STJÓRNAR VÍSINDASJÓÐS FF OG FS

Steinunn Inga Óttarsdóttir, starfsmaður Vísindasjóðs, og Jón Ragnar Ragnarsson, varaformaður sjóðstjórnar, fara yfir skýrsluna (sjá fylgiskjal 3).

Ólafur Þórisson formaður sjóðstjórnar gat ekki verið viðstaddur fundinn. Ekki tókst að loka bókhaldi fyrir árið 2016. Ekki hafa öll bókhaldsgögn verið afhent, þrátt fyrir ítrekaðar óskir. Bókhaldsgögn varðandi umsóknir og fylgiskjöl með þeim fengust afhent nokkur ár aftur í tímann, en ekkert hefur fengist um ýmsan annan kostnað, s.s. laun og rekstur fyrri sjóðstjórnar. Fyrri formaður hefur margofter lofað þessum gögnum en þau ekki fengist. Á fundi sjóðstjórnar 15. mars

var þolinmæðin á þrotum og lögfræðingi KÍ falið að krefjast þessara gagna. Í kjölfarið kom í ljós að fyrri sjóðstjórn ætlar ekki að skila þessum gögnum vegna vafa um lögmæti aukaaðalfundarins í nóvember sl. Það var þungbært að þurfa að fela lögfræðingi málið, en nauðsynlegt er að fá þessi gögn svo að hægt sé að loka ársreikningi.

Ný sjóðstjórn vill ná sáttum og hefur engan áhuga á að standa í lögfræðideilum. Sáttatillaga milli KÍ og stjórnar Vísindasjóðs FF og FS er í vinnslu og verið er að skoða að gera þjónustusamning við KÍ um húsnæði, rekstur og aðstöðu. Sjóðstjórn er bjartsýn á að ná hagstæðum samningi í sátt og samlyndi.

Úthlutanir úr sjóðnum hafa gengið sinn vanagang, 930 umsóknir komu í A-deild og þaðan var úthlutað 93 milljónum. Umsóknum fer fjölgandi ár frá ári, og tekjur sjóðsins hafa líka aukist. Sjóðurinn stendur sterkt, óráðstafað eigið fé er um 186 milljónir. Til stendur að endurskoða verklagsreglur sjóðsins á næstu mánuðum í samstarfi við stjórnir FF og FS, en ekki er líklegt að reglum verði breytt stórlega.

Umræður um skýrslu Vísindasjóðs.

Sigrún Lilja: Er hægt að breyta kerfinu þannig að það sé hægt að sækja um styrk fyrir skólaheimsókn áður en 2 ár eru liðin, þótt greitt sé eftir 2 ár?

SIÓ: Í bókhaldskerfinu er miðað við afgreiðslu og greiðsludag síðustu umsóknar til að geta haldið í formúluna á bak við um að 2 ár líði á milli styrkveitinganna. Það má skoða hvort tilefni er til að breyta því.

Brynjólfur: Af hverju er ekki hægt að setja rétta upphæð ef hún er hærri en það sem greitt verður - fólki fái bara úthlutað rétt.

SIÓ: Við höfum rekið okkur á þetta og skoðum þetta í þeirri endurskoðun á Mínum síðum sem fyrirhuguð er í samstarfi við KÍ.

Guðmundur Björgvin: Gott að sjóðurinn hefur verið vel rekinn hingað til. Hverjir eru möguleikar almennra félagsmanna í KÍ, sem taka að sér trúnaðarstörf fyrir sambandið, að fá lögfræðiaðstoð? Þetta er þó frekar spurning til Guðríðar en þeirra sem sitja fyrir svörum nú. Þá hefur hann efasemdir um að þjónustusamningur við KÍ byggji á raunhæfum og réttmætum tölum. Hann hvetur sjóðsstjórn til að skoða þetta mjög vel. Þá veltir hann fyrir sér þeirri gagnrýni sem höfð hefur verið uppi gagnvart fyrri sjóðsstjórn.

JR: Varðandi þjónustusamninginn, þá mun sjóðsstjórn auðvitað skoða þessi atriði vel. Og auðvitað er lykilatriði að vinnubrögð við úthlutun séu vönduð nú sem áður.

Gunnar Hersteinn: Spyr Guðmund Björgvin hvort hann haldi að hér sé samsæri í gangi. Með því að nota orðalag eins og „að hrekja fyrri stjórn frá“ og „sjanghæja nýja inn“ þá gerir hann lítið úr því að ný sjóðstjórn var kosin lögmætri lýðræðislegri kosningu. Og með því að segja að tölur séu bara búnar til í KÍ er hann að ýja að því að eitthvert fals sé í lagi.

GB: Það eru efasemdir um lögmæti aukaaðalfundar. Stjórn Orlofssjóðs KÍ hafði ekki möguleika á að hnika tölum til varðandi þjónustusamning sem hún gerði, þar virtust tölur einfaldlega búnar til til þess að uppfylla 5% kostnaðinn.

GA svarar fyrirspurn Guðmundar Björgvins um lögfræðiatríði: Það er ekki einhver einn sem hefur aðgengi að lögfræðingi umfram aðra. Það er alltaf stjórn KÍ sem ákveður hvaða mál lögfræðingur KÍ tekur að sér. Við höldum tvo aukaaðalfundi árið 2015. Í lögum FF er tekið fram að aðalfundarfulltrúar séu kosnir til fjögurra ára. Það er til þess að hægt sé að kalla þá saman aftur ef nauðsynlegt þykir. Fyrri stjórn Vísindasjóðs setti á þriðju milljón króna í lögfræðikostnað til að koma í veg fyrir að hægt væri að kalla saman æðstu samkomu félagsins á aukaaðalfund í félaginu. Aðalfundarfulltrúar fengu þannig tækifæri til að fara lýðræðislega yfir málið allt og þessum 60 einstaklingum ekki treystandi? Það er búið að vísa öllum kröfum fyrri sjóðstjórnar gagnvart KÍ, nema 1,5 milljón og það er ekki hægt að kalla að fara vel með fé sjóðsins þegar þetta er niðurstaðan. Það er illa komið fram við aðalfundarfundarfulltrúa að líta á þá sem viljalaus verkfæri formanns og stjórnar.

Sólveig Ebba: Mér sviður sárt þessi háa tala sem málareksturinn hefur kostað sjóðinn. Þessar tölur skipta máli. Hver er lagaleg staða okkar félagsfólks þegar sjóðstjórn hefur tekið svona dýrar ákvarðanir?

GA: Við horfum fram á við. Við finnum ekki blóraböggla - þetta er orðið gott.

Hádegishlé.

4. SKÓLAMÁL OG FAGLEG FORYSTA KENNARA

Anna María Gunnarsdóttir, formaður skólamálanefndar FF, fer yfir starf skólamálanefndar FF, um mikilvægi þeirrar vinnu og ræðir af hverju stéttarfélag kennara eigi að sinna skólamálaum almennt. (Sjá glærur, fylgiskjal 4).

Undanfarna áratugi hefur verið þrengt að faglegu sjálfstæði kennara vegna krafna um mælanleg atriði - þar sem áherslan er á afköst og skilvirkni skólakerfisins en ekki menntun hennar sjálfrar vegna. Merking orðsins menntun skiptir máli. Kennarar ekki hafðir með í ráðum þegar menntakerfinu er breytt og þannig verða til tveir hópar innan skólanna, kennarar og stjórnendur sem vinna stöðugt að betri leiðum til að stytta og einfalda leiðina til útskriftar. Skólar verða ekki betri en kennararnir sem þar starfa - þeirra starf er að kenna fög og koma nemendum til manns. Ef kennarar sinna fagkennslu eingöngu en ekki skólamálaum í heild eru það aðrir aðilar, önnur öfl, sem ákveða skólaþróunina. Þess vegna er starfsþróun svo mikilvæg, á forsendum einstaklings.

FF tekur þátt í ýmsum formlegum verkefnum sem falla undir skólamál (sjá glærur). SEF úthlutar til fagfélaga til endurmenntunar. Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda var skipað í fjórða sinn í ágúst. Þar sitja kennarar við borðið ásamt stjórnendum þegar ákvarðanir eru teknar. FF tekur þátt í erlendu samstarfi, t.d. norrænu. Siðaráðið skiptir líka máli, t.d. hefur það gefið út viðmið fyrir hegðun á netinu. Skólamálaráð KÍ er svo alltumlykjandi í starfi KÍ.

5. LAUN Í RÍKISREKNUM FRAMHALDSSKÓLUM

Oddur S. Jakobsson fór yfir stöðuna í launaþróun kennara við ríkisrekna framhaldsskóla og útskýrði uppbyggingu launatöflunnar. Samanburður við BHM/ríki sýnir að meðaldagvinnulaun þar voru 8,5% hærrí en meðaldagvinnulaun í framhaldsskólum árið 2006. Munurinn jókst í 16,7% árið 2013 en var 0,9% 2016. Meðalheildarlaun BHM/ríki voru aftur á móti 1,7% lægri 2006 heldur en meðalheildarlaun í framhaldsskólanum það ár. 2013 hafði munurinn snúist við og voru meðalheildarlaun hjá BHM 10,3% hærrí en meðalheildarlaun í framhaldsskólanum það ár. Árið 2016 var þessi munur 3% framhaldsskólanum í hag.

Oddur fór yfir meðallaun í framhaldsskólum á árinu 2016 en skólar voru ekki nafngreindir. Munur á hæsta og lægsta skóla í dagvinnu var 12,5% en 35% þegar litið er til heildarlauna. Hann fór í kjölfarið yfir launaþróun síðustu ára í þremur skólum.

Hvað með stærð skóla? Fara laun eftir fjölda stöðugilda? Þá kemur fram að heildarlaun í fámennum skólum eru almennt lægri en í stórum skólum. Að auki er kynjamunur, meðaldagvinnulaun karla voru 1,2% lægri en meðaldagvinnulaun kvenna á árinu 2016, en þegar munurinn var 4,1% körlum í hag þegar litið er til heildarlauna. Að öllum líkindum skýrist sá munur að mestu leyti af fleiri yfirvinnustundum karla.

Fjallað var um samningsumhverfið, fram kom að í lok febrúar var „SALEK-samkomulagin bjargað fyrir horn“ þrátt fyrir launahækkanir einhverra hópa umfram forsendur rammamkomulagsins, enda launahækkanir og hækkunir á iðgjöldum launagreiðenda í lífeyrissjóði í húfi fyrir 2017. Nú er þess beðið á almenna markaðnum hvað gerist hjá hinu opinbera.

Lausir samningar hjá ríkinu 2017 eru t.a.m.: Læknafélagið 30. apríl, BHM 31. ágúst, skurðlæknar 31. ágúst, FF/FS 31. okt. (friðarskyldu lýkur), FG 30. nóv.

Þjóðhagsráð var skapað í samræmi við SALEK-rammasamkomulagið. Þar á eingöngu að fjalla um efnahagslegan stöðugleika og því hafa samtök launafólks ekki viljað taka þátt í störfum ráðsins.

Niðurskurður í framhaldsskólunum hefur leitt til þess að framlög með hverjum nemanda voru 2013 22% undir meðaltali í OECD-ríkjunum, og minna en helmingur af framlögum í Noregi. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir 0,56% lækkun milli ára í fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2018-2022. Í henni er einnig gert ráð fyrir 5% fækkun nemenda milli ára næstu tvö árin. Gangi það eftir munu framlög á hvern nemanda hækka.

Gunnar Hersteinn: Á hverju eru tölur um nemendafækkun byggðar? Er þetta fækkun í árgöngum eða áhrif styttingarinnar?

OSJ: Líklega blanda af þessu og 25 ára reglunni.

6. KJARAMÁL OG SAMNINGAR

Guðríður fer yfir stöðuna.

Oddur er búinn að kynna rammann í samningamálum. Það er ýmislegt sem þvælist fyrir okkur núna. Við vorum með 14. gr. í samningnum frá 2014 sem hefur skilað okkur viðbótarlaunahækkunum upp á rúm 10%. Ekki hefur skort á efndir á bætur vegna þessarar greinar. Þegar við

bentum á að BHM hefðu fengið 5,3% 2016 en við bara 2% í jan. Þá bentu okkar viðsemjendur okkur á að okkar samningur væri styttri og því hefði þurft að finna hlutfall af 5,3% hækkun miðað við okkar samningslengd. Það var því að okkar hugmynd að gert var samkomulag um fulla hækkun á móti friðarskyldu í ár í viðbót, auk þess sem 1,65% var sett í að lagfæra vinnumatíð. Samninga-nefndin ákvað meðvitað að setja þetta ekki í stofnanasamninga þar sem þeir fjalla nú þegar um menntun og við treystum því bara ekki að féð rynni til kennara.

Með réttu eigum við að funda hálfsmánaðarlega með okkar viðsemjendum en það hefur ekki verið staðið við það. Viðbótarbreytingar á vinnumati áttu líka að vera tilbúnar fyrir 1. maí en ekki hefur tekist að klára þá vinnu.

Annar vandi tengist því að okkar viðsemjendur eru fjármálaráðuneyti en menntamálaráðuneyti virðir ekki samninginn. Þetta setur okkur í sérstaka stöðu þar sem við stefnum fjármálaráðuneytinu til að fá menntamálaráðuneytið til að standa við þá. Við erum í málaferlum fyrir félagsdómi við MB og KVSK og falla þeir dómur vonandi á næstu vikum eða í haust.

Spurt er: Af hverju var samkomulagið frá 31. okt. ekki borið undir félagsfólk?

GA: Við megum auðvitað bera hvað sem er undir okkar fólk. Það var að okkar frumkvæði að þetta samkomulag var gert - vilyrði fékkst í vikunni þar á undan frá þáverandi fjármálaráðherra og heiðursmannasamkomulag gert fyrir Alþingiskosningar sem voru 29. okt. og við álitum rétt að hika ekki, heldur skrifa undir.

Við erum með ýmis vopn í þessari baráttu:

Við þurfum að halda því á lofti að við berum okkur saman við 2006, ekki 2013.

Við þurfum að halda því á lofti að við erum lægra launuð en kollegar okkar í nágrannalöndunum. Nú eru betri lífeyrisréttindi ekki rök lengur og við þurfum að nota það - standa saman með BHM og öðrum kennurum í KÍ.

Við þurfum að halda þeirri stöðu sem hefur áunnist, megum ekki glopra henni niður.

Magnús Hlynur: Stefnir í eitthvað SALEK-samkomulag milli háskólamenntaðs fólks?

GA: Við höfum verið borin ofurliði af ASÍ - sem hefur komið illa fram við opinbera starfsmenn. Opinberir starfsmenn eru 40.000 og ef við tökum höndum saman náum við mun meiri árangri en ef við 1800 ætlum að berjast ein. Við þurfum að vera tilbúin að fara saman í harðar aðgerðir, sér í lagi vegna lífeyrissjóðsbreytinganna þar sem búið er að lofa að laun verði jöfn milli markaða.

Ingvar, FNV: Hvað með breytingar varðandi kennsludaga?

GA: Við erum búin að koma sjónarmiðum okkar á framfæri varðandi nýja ríkisfjármálaáætlun, svo það sé sagt. Svo voru breytingar á reglugerð um starfstíma framhaldsskóla. Þessi reglugerð brýtur gegn kjarasamningnum og við fengum fund með ráðherra þar sem viðurkennt var að þetta væri klúður. Í gömlu framhaldsskólalögunum var lagastoð fyrir starfstíma og leyfisögum nemenda, en þetta síðara féll út í lögunum frá 2008, og því er ekki lagastoð fyrir því að ráðherra hafi þetta í

reglugerð. Ég stakk upp á því við ráðherra að hann gæfi út umburðarbréf sem kvæði á um að þessu yrði ekki framfylgt næsta vetur. Það er þó óljóst hvað gerist.

Guðmundur Björgvin: Á þetta þá líka við um þriðjudag eftir páska?

GA: Já.

Mun félagið gera eitthvað í þessu?

GA: Já, þetta er brot á kjarasamningi. Ég treysti mér ekki til að segja ykkur að mæta ekki í vinnu, en við sækjum bætur og reynum að afstýra þessu. Starfsdagar eru 180 og ef það á að kenna á fyrri frídögum verður auðvitað ekki kennt alla hina dagana sem kennt var líka.

Almennar umræður um hvernig félagið geti unnið gegn þessum breytingum.

GA: Það er mikið í gangi varðandi réttindi okkar.

7. ÖNNUR MÁL

a. Reynir Þór Eggertsson

Segir sig frá trúnaðarstörfum og úr félaginu frá og með 1. ágúst nk. Þá mun hann hverfa til annarra starfa við Háskólann í Helsinki. Þakkar fyrir gott samstarf við forystu félagsins.

Guðríður þakkar Reyni hans störf fyrir félagið.

b. Sigrún Lilja

Ályktunartillögur lagðar fyrir fundinn (hér með áorðnum breytingum):

Ályktun um ríkisfjármálaáætlun

Félag framhaldsskólakennara gerir alvarlegar athugasemdir við þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 sem nú er til umfjöllunar og afgreiðslu Alþingis. Þar eru framlög til framhaldsskólanna skert um tæpar 690 milljónir á föstu verðlagi. Þessi niðurskurður er á mesta hagvaxtartíma í sögu lýðveldisins.

Hér er verið að brjóta öll fyrirheit um að mögulegur fjárhagslegur ávinningur af styttingu námstíma til stúdentsprófs verði nýttur til þess að styrkja innra starf framhaldsskólanna.

Langvarandi niðurskurður í rekstri framhaldsskólanna hefur sett mark sitt á starfsemi þeirra. Slíkt hefur bitnað á gæðum kennslu, námsframboði og stoðþjónustu við nemendur.

Mikilvægt er að gefa framhaldsskólunum svigrúm til að bregðast við miklu brottfalli nemenda en algengasta orsök brottfalls eru félagslegir þættir og mikilvægt að þetta stuðningsnet við nemendur með aukinni sérfræðiþekkingu innan framhaldsskólanna.

Félag framhaldsskólakennara skorar á Alþingi að sjá til þess að fyrri loforð verði efnd og ekki verið dregið meira fé úr rekstri framhaldsskólanna en orðið er. Að framhaldsskólinn verði látinn njóta vafans því verði niðurstaðan til samræmis við þær tölur sem birtast í

ríkisfjármálaáætlun er ljóst að staða framhaldsskólanna mun halda áfram að versna til framtíðar.

Ályktun um breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Fulltrúafundur félags framhaldsskólakennara hvarmar þá gerræðislegu aðgerð Alþingis að samþykkja breytingar á lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna þvert gegn fyrri yfirlýsingum um samstarf og sátt við stéttarfélag opinberra starfsmanna. Fundurinn beinir því til stjórnar Kennarasambands Íslands að hefja nú þegar málarekstur og láta reyna á réttmæti þess að Alþingi breyti lögum sem hafa afturvirktt áhrif til skerðingar núverandi sjóðsfélaga.

Skorað er á fulltrúa stjórnvalda að leggja fram aðgerðaáætlun um hvernig skuli jafna laun opinberra starfsmanna og hækka laun þeirra til jafns við samsvarandi hópa á almennum markaði. Slíkt var forsenda þeirra skerðinga sem mögulega gætu orðið á réttindum opinberra starfsmanna til framtíðar með afnámi bakábyrgða sjóðanna.

Senn líður að því að kjarasamningar stórra hópa starfsmanna ríkis og sveitarfélaga losni og mikilvægt að ganga af fullum þunga eftir efndum af hálfu ríkisins. Opinberir starfsmenn þurfa að þetta raðirnar og standa saman og knýja á um efndir á loforðum um frekari launaleiðréttingar.

Ályktunartillaga a) og b) samþykktar samhljóða.

Guðríður tekur aftur við fundarstjórn. Þakkar starfskonum FF fyrir undirbúning fundarins, fundarstjóra og -ritara fyrir störf á fundinum, og öllum fundarmönnum, sér í lagi þeim sem komu langt að.

Hún hvetur kennara til að nálgast hlutina af jákvæðni og vera hreyknir af sjálfum sér.

Fundi slitið kl. 15:04.

Fundarritari:
Reynir Þór Eggertsson